

Árni Kristjánsson

22. nóvember 2004

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir, Halla Kristín Einarsdóttir

MiniDV 130 og 131

© Krumma films ehf.

Árni Kristjánsson heiti ég, kallaður Glóbó og ég er hárgreiðslumaður. Bara meistari af guðs náð.

*HRA: Fórstu aldrei í skóla?*

Jú, jú.

*HRA: En hvernig fékkstu þetta viðurnefni Glóbó?*

Hvernig fékk ég það? Það er skemmtilega saga að segja frá því það hérna var líklega, '81 að mig minnir, þá ákvað Hollywood diskótekið að vera með grímudansleik. Og Trixie sáluga Delight ákvað að núna skyldum við láta til skarar skriða og mæta á ballið í drag, allir. Allir þá voru kannski tíu, fimmtán manns. Og við mætum, ég er að læra hárgreiðsluna á þessum tíma og meistarinn minn setti í mig rúllur um morguninn og ég var með þær allan daginn að vinna á stofunni og það kom svona svipur á suma viðskiptavinum hvað ég væri að gera með rúllur í hausnum og á meðan ég var að vinna þá fór Bjössu, Björn Bragi heitinn til hennar Gerðar í Flónni og var að máta kjóla og bæði fyrir sig og mig og þau náttúrulega öskrandi af hlátri í speglinum, sjá mig fyrir sér í hinum og þessum dressum, og ég var kominn með þessa týpu í hausinn, það væri old ballerina from Russia. Hún, það eiginlega vissi enginn hversu gömul hún væri orðin og ég gaf henni nafnið Alexandrina Globopovich [?] og alveg búið að útfæra það hvernig á að skrifa það sko. Á þessum tíma erum við svo margir Árnarnir og það var Árni stóri og Árni númer eitt, Árni númer tvö og fleiri og það var náttúrulega ekki hægt að vera Árni númer tvö og sumir ekki ánægðir með nafnið sitt og þar frameftir götunum þannig að Bjössu einhvern veginn gerir þetta að, hann tekur þarna bara Glóbó framan af seinna nafninu og það bara festist við mig og er bara, listamannsnaufnið mitt, hefur festst við mig sko.

Árni Kristjánsson  
22. nóvember 2004  
Reykjavík

Sko ég er kannski svona heppinn að fá uppeldi þar sem að ég fæ að vera bara ég sjálfur og er tekinn eins og ég er, en ég kannski uppgötva það ekkert að ég sé, frábrugðinn fyrr en að ég er kallaður stelpuflenna og eitthvað þar sko, eini strákurinn sem var í kórnum í skólanum og lék mér alveg jafnt með stelpunum og strákunum og bara fór eftir því hvað handrit væri betra fyrir þú veist bílaleikinn eða Barbie-leikinn. Það er eiginlega þarna skilurðu. Og mér fannst þetta eitthvað voðalega asnalegt og skrítið sko.

Og ég veit það ekki, ég kann kannski ekki að segja hvenær ég varð, jú ég varð skotinn fjórtán ára sko í strák kannski fyrst. En ég man alveg þegar ég var með stelpunum og og kannski strákunum að segja sko: Já þessi strákur er mikið sætari. Og þá sögðu strákarnir við mig: Árni nei þú átt ekkert að segja það. Við segjum ekkert svona, við segjum þeir eru myndarlegir! Eða eitthvað þvílíkt sko. Við áttum ekki að segja hann er sætastur eða sætari eða eitthvað. En ég bara hafði smekk fyrir því.

Ég fór fyrst í kvenmannsdress held ég þegar ég var fimm eða sex ára. Fimm ára líklega. En var ekkert mikið í, ekkert spennur fyrir því dæmi endilega sko.

En ég var víst frekar glaður krakki og, englabarn í skóla og allt það sko.

Jú ég var kannski, ég hef alltaf verið pínulítið sérvitur með föt sko. En mér finnst það líka bara vera eitthvað, það er eitthvað sem að ég hef bara gaman að, það er svona, föt eiga bara að vera skjól og skemmtilegheit. Og kannski þessvegna jú, jú, það fór að hafa strax svona, ég fékk athugasemdir, strax á táningsaldri sko að, bíddu afhverju, hvað voðalega, þarftu nú að vera að klæða þig svona áberandi? Það var yfirleitt dæmið, að vera áberandi bara af því þú varst ekki eins og hinir. Það er dálítið misskilið term sko, og þá sértu að kalla á athygli. Það er líka mjög misskilið hjá fólki finnst mér líka í dag. Að þú sért með athyglispörf í, í staðinn fyrir að þú sért bara að leika þér.

Árni Kristjánsson  
22. nóvember 2004  
Reykjavík

Ég var í rauninni ekkert að fylgjast með því. Ég var í tónlistarnámi með skólanum, mikið að gera hjá mér, elst upp þarna í blokk sem að eru fimmtíu krakkar, það vantaði aldrei í nein lið eða neitt, mjög skemmtilegt, höfðum mjög mikla víðáttu í kringum okkur og gátum leikið okkur úti í náttúrunni og hvar sem er, ég er mjög heppinn þar en ég veit ekki, það er kannski sem hefur áhrif þarna er þú veist það kemur svona þetta diskó, ég fer inn í diskóið og pönkið þegar ég er unglingur sko. Tískan sem að ég fer í það var, það voru gömul föt, það voru sko afarnir og ömmurnar fötin. Og svo fer þetta að blandast allt saman sko ég var kannski, á tímabili var ég að rembast við að vera pönkari en ég var bara alltof mikil diskóbolla til þess skilurðu og aldrei samþykktur. Og hérna, ég man að ég hérna, les viðtalið, var það ekki hann, við hann Nonna í *Samúel*, eða það var Hörður Torfa líklega, og, og já þetta var eitthvað sem að, höfðaði til mín, það gerði það sko. Og svo þessi gaydar sko, að það bjuggu í næstu blokk við mig á tímabili akkúrat á þessum árum, Doddi sem að fór til New York þarna í kringum '80, þjónn, og það voru menn sem að svona komu í sjoppuna á sunnudags, kannski í sunnudagshádeginu eða eitthvað þannig og ég sá þá labba framhjá glugganum mínum og, það var eitthvað sem að ég skynjaði, já ég kannski vissi ekki alveg hvað það var þá en ég kem, ég kynnist fólkinu snemma, ég kynnist strákunum sko bara á sautjándra ári.

*HRA: Hverjir voru það?*

Þá eru það sko, ji á ég að telja þá upp sko, Ármann heitinn, Kiddi í bíóinu, Halli Tømm, Tommi. Og ég kynnist sko ekki Dodda fyrr en eftir að hann er í rauninni farinn út. Ég bara heyri af honum eins og þjóðsagnapersónu. Og síðan gerist þetta þarna '79, '80 að við bara hrúgumst út úr skápnum og hittumst á diskótekunum, á vettvangi Samtakanna '78 og í partíunum náttúrulega, allir á sama aldri, bókstaflega '62 módelið, '61, '62, '63. Við höfum oft pælt í því bara hvað gerðist? Var þetta bara tíðarandinn? Og náttúrulega pönkið bara, þetta með hnefann sko, bara áfram, við gerum þetta bara hva, fuck off, skiptu þér ekki af þessu. Ég held að það hafi hjálpað ofsalega mikið, að, það varð eiginlega, þetta varð, þetta var bara normal, þetta var næstum því held ég eins og unga fólkið er að koma í dag, fyrir utan að það var allt mikið minna. Það var

Árni Kristjánsson  
22. nóvember 2004  
Reykjavík

kannski einn eða tveir partístaðir. Eða eitt horn á einhverju diskóteki þar sem þú vissir að strákarnir yrðu. Og við skreyttum yfirleitt hornin ansi vel sko bara með því að standa þar. Og svo voru svona einhverjir sem að tóku tíu hringi alveg til korter í þrjú og skelltu sér þá í hornið. Þeir sem vita hvað var að gerast eftir þrjú.

*HRA: Hvaða staðir voru þetta?*

Ég er orðinn svo gamall í tímanum sko eins og þú heyrir að þá er, ég næ þarna í aðra hæðina á Klúbbum, bara rétt áður en hún hættir í rauninni. Ég missi af Cesar en þarna er það svo Óðal, Borgin, það var svona til skiptis, þetta rennur nú dálítið saman þarna á þessum árum, Safarí, Roxy og svo vorum við náttúrulega á þessum þeyting vegna þess að það var alltaf verið að úthýsa okkur öðru hvoru. Það var einn sem að kom ekki með, var ekki réttri skyrtu eða ekki í réttum skóm þannig að þá fékk hann ekki að fara inn næstu helgi og þá var kannski svona smá grúppa sem að ætlaði að vera ofsalega meðvirk og halda með og mætti heldur ekki og þá var breytt um stað. Og þetta gekk svona alveg í mörg ár, við þeyttumst á milli staða og dyraverðir mjög misskildu hlutverk sitt mjög lengi hérna á Íslandi. Í staðinn fyrir að vera svona welcome andlit staðarins að þá var það sko frekar fráhrindandi og mjög ruddalegir á köflum. Ótrúlega.

Nei. En ég lenti einu sinni í því að ég fékk ekki að koma, ég fékk sem sagt, hvað var þetta kallað, straff eina helgi af því ég hafði kysst mann við dansgólfið og það sem sagt, það fór yfir mörkin sko að það var einhver sem tók eftir því og já. Og maður vissi bara upp á sig skömmina. Okey. Þá fer ég bara á Borgina þessa helgi.

Þá var það svolítið svona sko, það var svona pönk nýbylgjan þar dálítið, fólk einmitt sem að hafði gaman dálítið af klæðaburði og góð mússík, alveg fullt á dansgólfinu bara allt kvöldið, já, já það var mjög skemmtilegt á Borginni á þeim tíma sko. En þar voru kraftajötnar Íslands, frægir í dag, mjög ruddalegir alveg í hvívetna. Maður bara strammaði sig af meðan maður labbaði inn.

Árni Kristjánsson  
22. nóvember 2004  
Reykjavík

Maður nennti þá ekki það var alveg á hreinu. Þeir eiga eftir að biðja okkur afsökunar t.d. það er alveg á hreinu. Ég bíð spenntur eftir því.

Já ég kynnist sko Veturliða og Reyni Má ekki fyrr en að þeir koma til Íslands eftir að búnir að vera í Köben, það var líka Stóra Vella og Litla Vella sem maður heyrði bara svona, þjóðsagnapersónur skilurðu, þær voru bara þjóðsögur orðnar í lifenda lífi. Og þá var það Trixie sem að var hérna heima, hann kom á undan þeim heim. Og sem að var stofnunin. Og er stofnunin, það er Trixie Delight sko. Og hún kallaði sig, og við hana, Big bad mama því hún var mjög ströng í uppeldinu sem hún bannaði okkur að gera og lét okkur gera líka sko. Það var alveg bæði jafn siðlegt og siðlaust, á köflum, væntanlega. En, en hérna ofboðslega skemmtilegur maður og, og, og frábært að hafa kynnst þeirri manneskju sko.

Ég kynnist honum fyrst að ég er sendur út bara eins og hver annar böggull af Halla Tømm, það er að koma hérna ungur maður til þín og hann ætlar að fá að gista hjá þér í, í, í, ég held það hafi verið hálfur mánuður, þegar Trixie býr á Peter Scrams gade í Kaupmannahöfn þar sem fleiri voru búnir að búa sko eins og Hörður Torfa og fleiri í sama stigagang. Var búið að ganga á ýmsu þar og mikið ævintýri í gangi. Og ég er hjá honum þarna og, og hann svona passaði sig á því að vera ekkert of mikið að láta með mig þá [hlær]. Hitti auðvitað Reyni og Veturliða í þeirri ferð fyrst sko, mjög gaman að koma og kynnast þeim, fyrsta bara ja önnur utanlandsferðin mín og það var svolítið margt fólk þarna úti á þessum tíma, Bára og Addí voru þarna þetta sumar, og fleiri, fleiri, Stebbi Andra var þarna líka, bjó þarna þetta tímabil. Lýsa Trixie? Guðmundur Sveinbjörnsson frá Vestmannaeyjum. Alinn upp væntanlega við það að flaka fisk eða stafla saltfisk og svona stór og þrekinn mikill maður, loðinn alveg hringinn, jafn mikið á bringu og baki. Og hann fékk nú þetta nafn vegna þess að hérna hóran í hérna *Paper Moon* myndinni með Tatum og Niel O’Ryan og Niel var með sama göngulag og Trixie, þannig að þannig fékk Guðmundur Sveinbjörnsson Trixiearnafnið. Og það má alveg segja hann var náttúrulega bredda. Og breddur geta náttúrulega verið ofboðslega blíðar, hann var mjög hreinskilinn, sagði hluti mjög svona beint við fólk og gat virkað hvassur eða hvass eða jafnvel særandi. En ég held að það hafi nú bara verið nauðsynlegt á

Árni Kristjánsson  
22. nóvember 2004  
Reykjavík

Þessum tíma líka að, við urðum að láta fólk heyra það, það var bara þannig. Og eins og ég talaði áðan um, um sko hnefann á lofti með pönkinu að þetta hjálpaði okkur sko bara hingað og ekki lengra þú bara, þið bara segið okkur ekki lengur að halda kjafti sko. Það er bara ekkert svoleiðis lengur. Okkur er bara alveg sama um hvað þið ætlið að gera í lögum og reglugerðum þetta bara, við erum komnir hingað skilurðu. Og komin hingað.

Ég kynntist nú þarna nokkrum lessum líka í partíunum hjá Halla Tømm þegar við vorum þarna á Óðalstímabilinu. Bogga hjúkka, Fríða, og náttúrulega Bára, Addí t.d. og Ragga eru að koma út þarna á sama tímabili og við og þá voru þessir staðir sko það var Halli Tømm sem var með partí og síðan þegar Veturliði og Reynir koma heim þá herna stóðu þeir sig ofboðslega vel í svona að halda vel utanum þessa stóru hamingjusömu fjölskyldu. Og bara gerðu það alltaf. Já og bara eftirmiðdagskaffi eða te eða það var bara opið hús. Það var ótrúleg gestrisni hjá þessum mönnum sko.

Ja ég er kannski ekki maðurinn til þess að spyrja að því. Er það ekki bara eins og með Íslendinga við, það er svo stutt að fara. Það er kannski ekki skilurðu, það er ekki mín kynslóð sem byrjar á því ég meina Doddi og Guðmundur og fleiri voru búnir að fara til New York en það eru kannski fleiri af minni kynslóð sem fara til New York eða San Fransisco og læra eins og Bjössi gerði og Guðmundur Karl fer líka til Ameríku og fleira fólk.

Nei í rauninni man ég það ekki en ég er nú orðinn líka bara jafn gamall og Samtökin '78 og svona með það að koma út úr skápnum og er svo frægur að ég náði sko fyrsta húsnæðinu þarna, kjallararottuholan niðri í Garðastræti. Kom þangað sko og hitti Guðna og Helga heitinn og alla sem voru þá og þá voru einmitt margir af strákunum sem að ég var að tala um áðan, þessi mín kynslóð sem að koma þangað. Ég man eftir að ég hitti tvo sko ráfandi um á geymsluganginum af því að þeir vissu ekki á hvaða geymsluhurð þeir ættu að banka skilurðu, getur verið að ég sé á réttum stað? Það var ekki hávaði á þeim stað það var alveg á hreinu. Það var engin mússík eða læti. Það var verið að lesa og tala saman og, og herna skrifa.

Þá er ég búinn að kynnast sko strákunum og, og hérna Halli Tømm er í stjórn og Bjössi er kærastinn hans á þessum tíma og gott ef hann var ekki gjaldkeri og Bjössi var að aðstoða hann við að fara heim til fólks og, og biðja það um að gerast félagar í Samtökunum '78. Þá var gengið í hús. Þannig var það outað [hlær]. Maður á mann sko.

Nei ég man það ekki. Bjössi var sem sagt að aðstoða Halla við þetta og hann var fenginn til þess að ganga í hús, það þótti sniðug taktík sko að senda ungan og fagran mann á dyrnar hjá eldra fólki. En ég man alveg þegar ég kem þarna bara það er, ég veit það ekki, ein, tvær pera, labba sem sagt niður í svona geymslugang, þar sem geymslurnar eru bara í röðum og bara þú þarft að setja eyrað svona á hurðarnar bara hvað, bíddu getur þetta verið? Og maður var náttúrulega mældur vel út þegar maður kom inn. Það var nú ekki alveg á hverjum degi sem voru að koma nýir ungir menn. En það var tekið mjög vel á móti manni sko það, það var ekki spurning, Böðvar Björnsson var einmitt þarna á sama tíma sko og fleira fólk. En þetta var ekki beint það sem að mér fannst mest spennandi vettvangurinn að vera á sko. Það játa ég alveg.

Já, já, já, já, já, já.

*HRA: Var þetta svolítið þannig? [óskýrt] ...tvær fylkingar?*

Já. Ég þurfti ekkert á þessu að halda. Ég var bara úti og þetta var nú ekki neitt vandamál sko. Og það komu oft tímabil þar sem að við fórum í gegnum það að okkur fannst Samtökin '78 bara hallærisleg og ekkert annað. Og væru sko ekki fyrir fólk, bara fyrir bjúrókrata sem vildu bara vera möppudýr. En auðvitað gerðum við okkur grein fyrir hérna nauðsyn þess að Samtökin '78 væru til eða sem sagt eitthvað baráttufélag. En það sem að var kannski okkar skýring á því að vera kannski ekki í Samtökunum '78 var að það þyrfti líka að berjast á fleiri vígstöðvum heldur en lokaður inni á skrifstofu. Það þyrfti líka bara einmitt að vera hér [steytir hnefann], og vera sýnilegur og, og láta ekki vaða yfir sig. Og ég man alveg eftir því þegar hann labbaði til mín

Árni Kristjánsson  
22. nóvember 2004  
Reykjavík

hann Ketill heitinn og sagði við mig og Bjössa að hérna hann væri búinn að skilja þetta og tæki ofanaf fyrir okkur. Það var mjög gott.

Já. Eins og er kallað fyrsta ballið. Manhattan ballið það hljómar nú alveg mjög vel sko, það hljómar vel. Þá tóku þeir sig saman og héldu ball og það var svona ekki alveg á hreinu hvort að Samtökin '78 væru að skrifa undir það eða hver væri beint að standa fyrir þessu. Það voru einhverjir ekki alveg sammála með það og vildu ekki samþykkja allt sem að hinir voru að gera en við ungu drengirnir sem vorum þarna að koma út einmitt í kringum '80 erum fengnir til þess að vera með show. Og þar er Big bad mama alveg sko í broddi fylkingar og, og er svona eiginlega með, svona aðal innkomuna í þessu drag-showi sem við vorum með og Reynir Már, settum þetta upp svona blönduðum, það var tekið úr *Cabaret*, *Willkommen*, *bien venue* sem að hann tók hann Reynir Már, í pungbindi og með refaskott og ansi mikið nakið skinn og Trixie í korseletti og var ekkert að raka sig eins og margir eru mjög ákveðnir með í dag ef þeir fari í nælonsokka þá þurfi þeir endilega að raka sig, ég tala nú ekki um ef það sést í bringuhárin, en henni fannst það ekki skipta máli. Og hún tók *Big spender*. Og á þessum tíma er ég í tónlistarnáminu og hérna að læra hárgreiðsluna og vann fyrir mér með því að spila undir ballettkennslu hjá henni Sigríði Ármann, Ballettskóla Sigríðar Ármann, og frábær kona, reynslumikil og víðsýn, mikill styrkur að, að fá að vera hjá henni á þessum árum, og hún lánaði okkur ballettsalinn til þess að við gætum fengið æfingarhúsnæði og var á staðnum ásamt dóttur sinni henni Ástu og þær svona sáu sig tilneyddar að, að hérna, og hvort við spurðum þær ekki báðar um að kannski gefa okkur nokkur spor og hjálpa okkur svona aðeins af stað með þetta og það stóð ekki á þeim og tóku okkur alveg í gegn, algerlega, en ég efast um að þær vilji nú alveg skrifa undir showið eins og það kom út á gólfinu í Manhattan, ég held þær hafi ekki alveg viljað skrifa undir kóríografiuna þar eins og hún kom út, við náttúrulega hituðum okkur aðeins upp og það voru ekki leikfimiæfingar heldur var bara skálað sko og einn drapst áður en hann komst fram á gólf. Og við tókum þarna Can can, þetta var náttúrulega ofboðslega skemmtilegt, okkur fannst þetta alveg svakalega skemmtilegt og það var alveg ótrúlega mikið af fólki sem mætti og ekki bara gay fólk heldur sko vinir og kunningjar og sem að fannst þetta bara skilurðu, kúl.

Og þarna mætti sem sagt ljósmyndari frá *Samúel* og náði sér í gott myndefni þarna. Og fólk var ekki spurt hvort það vildi, mættu vera myndbirtingar í *Samúel*. Og það varð mjög mikið havarí út af því, margt fólk var bara ekki að geta lifað við það, það var ekki tilbúið að láta bendla sig við samkynhneigða í, og hvað þá á dansleik. Það voru, eins og var talað um, það voru partí út um allan bæ þessa helgi, eftirpartí, var talað um að það hefði verið mikið líf og leigubílar þutu þvers og kruss um Reykjavík sko. En vafalaust fannst okkur það bara út af því að það var svo mikið að gerast hjá okkur. Ég efast um að nokkur maður í Reykjavík annar hafi orðið var við nema þeim sem kom þetta við. En eftir að það kom í *Samúel* þá, það vakti mikla athygli og ég held nú að þetta, öldunum hafi lægt fljótt. En þetta, sköpuðust miklar umræður í kringum þetta einmitt útaf myndbirtingu og, og á að spyrja fólk eða ekki og það er ekki nýtt af nálinni að spyrja að því.

Þetta var fjaðrafok. Okkur fannst það bara skemmtilegt við sem að svona fannst þetta ekkert mál. En við vorum þarna sko eins og ég var byrjaður að telja upp Trixie, Reynir Már, Davíð, Árni Garðars, Stebbi Andra og ég og er ég að gleyma einhverjum, það er hann Binni og af þessum eru sem sagt hvað segi ég, Trixie, Binni, Reynir og Stebbi farnir. Ekki allir úr pestinni sko, hommar deyja úr fleiru og gerðu nú áður en pestin kom að taka upp á að deyja úr öðru heldur en HIV og alnæmi. Fólk spyr að því í dag ef það deyr hommi hvort hann hafi dáið úr alnæmi eins og við hefðum allt í einu ekkert val annað alveg stórfurðuleg hugsun. En það er nú aukaatriði. En þessir menn eru allir farnir sem að eiga svona stóran þátt í sögunni, misjafnlega mikinn náttúrulega.

—

Árni: (Heyri ekki).

Hrafnhildur: Nei, nei. Skiptir ekki máli.

Árni: Já.

Hrafnhildur: Hafa þetta bara rétt fyrir aftan þig.

Árni: Þarna?! Varstu ekki líka með (heyri ekki) ...áhorfendamynd?

Hrafnhildur: Jú, það var áhorfendamynd?

Árni: Jæja, (*heyri ekki*) ... búningarnir hjá henni Gerði í Flónni.

Hrafnhildur: Já. (*Heyri ekki*).

Árni: Jú, ég hef komið hingað áður... út af hinu málinu.

Hrafnhildur: Já, já.

Árni: (*Hóstar*) Það segir bara einhver annar frá þessu havaríi með bæjarstjórnina.

Hrafnhildur: Varstu eitthvað viðriðinn þetta?

Árni: Nei. Svo var annað ball, sko. Við höldum þarna einhvern tíma grímuball. Manstu eftir því?

Hrafnhildur: Nei.

Árni: Jú, þá sko, var bara hringt í... í bæjarstjórnann og sagt að það væri furðulegt fólk að fara þarna inn í húsið. Já, nei, það var Rocky Horror-ball. Það komu allir í þema.

Hrafnhildur: Já, nei, ég man ekkert eftir því.

Árni: Já, það var eitthvað seinna sko. Já, en það var þarna líka í Manhattan. Ég man ekki hvort það var... hvort það var búið að breyta um nafn, eða eitthvað. Man það ekki. Þá voru nokkrir Frank'n Further.

Hrafnhildur: Já, Frank'n Further.

Árni: Við förum nú ekkert út í það.

Hrafnhildur: Heyrðu, ég þarna... fyndið, já... hitti, hvað hann heitir...

Árni: Palla?

Hrafnhildur: Nei, Frank'n Further... í svona...

Árni: (*Heyri ekki*).

Hrafnhildur: (*Heyri ekki*).

Árni: Voru ekki...

Hrafnhildur: Ég er svo...

Árni: Ég er ekki að kveikja...

Hrafnhildur: (*Heyri ekki*) ...fór þarna inn í einhverja (*heyri ekki*)...

Árni: Tim Currey...

Árni Kristjánsson  
22. nóvember 2004  
Reykjavík

Hrafnhildur: ...fór inn í einhverja beyglubúð í Los Angeles... heimsækja bróður hennar og við fórum að kaupa beyglur, svo vindur sér einhver maður að mér og fer að tala við mig... heyrðu, þetta var náttúrlega... hafði ekki verið nein opinber skemmtun á þeim. Hvernig datt ykkur til hugar að gera þetta? Ég meina, þetta var náttúrlega bara tabú að gera þetta, er það ekki?

Árni: Jú, mér datt það ekki í hug heldur?

Hrafnhildur: Nei.

Árni: Það... þarna eru (*heyri ekki nöfnin*). Þannig að það var stofnunin sem að stóð fyrir þessu, sko. Þó það væri eitthvað kannski verið að reyna að nota Samtökin 78. Ég var ekki inni í þessari debate, sko.

Hrafnhildur: Nei. En þú tókst þátt í dragshowinu og...

Árni: Já.

Hrafnhildur: Þetta var samt svolítið... eins og ég man eftir, þetta var svona svolítið fuck you... sko,...

Árni: Það var slys í showinu... algerlega... og það helvíti.

Hrafnhildur: Það var einhvern... bara komin nótt... nenntu þessu teiti ekki lengur... hvernig var... var það, vakti það eitthvað fyrir ykkur?

Árni. Ég veit ekki hvort það... ég meina... vakti fyrir þeim sem að... hérna voru... stóðu fyrir ballinu... því að Samtökin 78 voru ekki að hugsa um... svona mikið félagslíf við hliðina hjá fólki og... og hvað er hægt að teygja félagslíf... þú veist, félagslega hlið langt?, ...bara alls ekki. Böll! Þetta er ekkert... drykkjufélag. Þetta var... þetta var ekki bara í sambandi við Manhattan-böllin. Þetta var sko, eftir að Samtökin 78 fóru að halda böll... ég held að þetta hafi bara verið rætt í mörg ár hvort það ætti nú að halda annað og... það þurfti alltaf að berjast fyrir þeim. En það... það var náttúrlega kannski líka einkenni þeirra að þegar þau voru haldin að þá var dálítið margt fólk sem að fríkaði gjörsamlega út. Og það var svona náttúrlega bara eins og... diskókennsan hjá Gerði, að það gekk út á að fríka út, sleppa sér lausum. Mjög... já, já, gat farið úr böndunum og... ekki kannski mikið slagsmál, ekki út í

Árni Kristjánsson  
22. nóvember 2004  
Reykjavík

Það, en... en það voru örugglega fleiri heldur en vilja viðurkenna sem urðu ofurölvi og gerðu skandala. Ég reif einhvern tíma klósetthurð af hjörum, bara hélt á henni í höndunum og bara... vá, er ég svona sterkur? Guð minn góður! Bara þurfti að komast þarna inn. Og svona atvik, sko. Alls konar svona atvik. Og... og þegar félagið var svona lítið að þá... þegar maður var kannski að vinna í félaginu og farinn að sækja það eins og þegar við fluttum upp á Skólavörðustíg og svo upp í Brautarholt, þá... þá finnst manni maður eiga félagið. Og það var náttúrulega að stækka, sem betur fer, alltaf sá hópur sem að fannst hann eiga félagið, og gæti nánast bara vaðið í allt og gert hvað sem hann vildi á svæðinu. Það... voru nokkrir sem fóru í gegnum það... bæði í sambandi við opnunartíma og lykлавöld og annað... að... að misnota það, bara af því að þetta er mitt félag: Ég má þetta alveg, ég er búin/-n að gera svo mikið hér. Og... og svona... ég held að þessi feelingur og... og mjög margir og kannski bara nokkrar kynslóðir hafi farið í gegnum þetta. En þetta eru líka bara vaxtaverkir... félaga... við erum orðin 25 ára og það... náttúrulega... bara aldurinn segir alveg hvað er að gerast.

Hrafnhildur: Að slíta barnsskónum þarna.

Árni: Já, einmitt.

Hrafnhildur: (*Heyri ekki*) ... þegar ég kom, þá hafði einhver verið þarna allt kvöldið og skilið allt eftir... (*heyri ekki*).

Árni: Já! Einmitt!

Hrafnhildur: Það var svolítið þannig.

Árni: Já.

Hrafnhildur: En talaðu aðeins um, af því að þú manst eftir Skólavörðustígnum, ...og berðu saman Skólavörðustíginn og Brautarholtið af því að þetta svo svona... af því að Skólavörðustígurinn var svona... úr kjallaraholunni og yfir á Skólavörðustíginn...

Árni: Skólavörðustíginn?

Hrafnhildur: ...aðeins...?

Árni: Já, það voru keypt húsgögn! Það voru keyptir klappstólar upp í... uppi á Skólavörðustíg, skilurðu?, og borð í stíl. Þetta... þetta var bara stökkbreyting. Við vorum komin, skilurðu, hinum megin við götuna á móti löggustöðinni, sko, fangelsinu á Skólavörðustíg. Okkur fannst það mjög fínt. Þú veist, við vorum ekkert... okkur fannst við stundum kannski jafnvel vera að storka sko, eitthvað með því að vera... já: Nei, ekki draga fyrir... (*hlær*). En hérna... það var nú væntanlega ekkert vesen með það. Jú, þarna kom Fjólukaffi, held ég, fyrst. Það nafn. Mjög skemmtilegt nafn á gay kaffihúsi. Og þarna var... já, já, helt upp á könnuna og ég held það sé þar sem að... jú, jú, það er þar sem við byrjum svona að... veita rauðvín og hvítvín. Ég held að það hafi verið... það voru keyptar tveggja lítra rauðvín og hvítvín... svona fyrir... ég held fimmtudagskvöld, minnir mig að það hafi verið. Er það ekki bara á þeim tíma sem að Sjónvarpið er ekki? (*Hlær*). En... já, já, og það var stundum þörf á því að opna skápinn og... og veita eftir lokun... og skvetta úr klaufunum. Og svo borgaði maður bara rauðvínsflskuna eftir helgi. En þetta var rosaleg breyting að koma þarna. Okkur fannst þetta... það var... það var mjög fínt. Og svo aftur upp í Brautarholt, sko. Og þar... þar fórum við að vera með meiri svona reglu á opnu húsi og... og... og svona að fá fólk til þess að vera með barinn, svona... þennan yndislega léttvinsbar. Þetta er áður en að bjórinn kemur, sko. Og... nú var farið að halda svona... party, böll, herrakvöld og kvennakvöld, sko. Það... það... það var alveg frábært. Það var alveg frábært. Mjög skemmtilegt og breyttum staðnum og decoreðuðum... og þarna var farið líka að vera með svona menningarlegri uppákomur: upplestra og tískusýningu og... ég man eftir að Rósi hélt þarna eina af sínum fyrstu sýningum, þar sem hann hannaði hin ýmsu svona... nytjaföt. Nytjaföt, voru það. Það var sem sagt... kannski bakki sem að stóð út úr þjónustudressinu, svo þú þyrftir ekki að halda á honum. Ýmislegt svona nytsamleg hérna... föt. Og... já, já... og ég man að við vorum með hérna... Bent... fluttum það leikrit. Það var Rúnar Lund og... já, hver var með honum?, ...var það Þorvaldur? Nú ætla ég að vona að þá... að ég sé ekki að móðga neinn.

Hrafnhildur: Það er allt í lagi. (*Heyri ekki*).

Árni: (*Heyri ekki*). Hún er farin að snúa sér að mér eitthvað.

Hrafnhildur: Já, hún er...

Árni: (*Hlær*).

Hrafnhildur: Eitthvað (*heyri ekki*)... en hérna... en það var svolítið öðruvísi umgjörð þarna í Brautarholti heldur en á Skólavörðustígnum.

Árni: Já, já. Þetta var alveg... hvað... tvö samliggjandi herbergi. Ég man ekki fermetrana, en ég get vel trúað að þetta hafi verið bara 40m<sup>2</sup> og skipt í... í... sem sagt... þarna fengu bureaucratarnir að halda sínum möppum og... og fjölritunarvélum og... væntanlega bara ein, og hinir sem að vildu bara kjafta og... og... um ekki neitt, að... að hérna... fengu að sitja hinum megin og taka á móti nýju fólki og hafa það skemmtilegt.

Hrafnhildur: Ég er nú reyndar sko... það er kannski bara mín minning...

Árni: Ehm...

Hrafnhildur: Það var að skjótast upp þennan stiga... manstu hvernig það var?

Árni: Já, fannst þér það vera eitthvað... Já, þetta var bara.... Já, þetta var uppi á 6. hæð og rosalegir stigar og... og... sko, pallur á milli, ...örugglega bara 20 metrar, bara pallurinn og svo upp næsta stiga. Það var heljarinnar gangur, já, já, og örugglega margir sem að tóku þarna þung skref upp á 6. hæðina að mæta í fyrsta skipti í Samtökin 78. Hafa getað... þurft að trimma upp og niður alveg oft áður en þeir komust upp á 6. hæð. Vafalaust! En ég man ekki eftir að hafa hitt nein svona... ráfandi upp og niður í húsinu. Ég hef örugglega yfirleitt alltaf verið uppi á 6. hæðinni, bara takandi á móti, sko.

Hrafnhildur: Geturðu aðeins lýst... ég á viðtal sem ég tók (*heyri ekki*)...

Árni: Já.

Hrafnhildur: ...sterkt viðtal. Ég ætla að nota aðeins (*heyri ekki*)...

Árni: Uhm!

Hrafnhildur: ...(*heyri ekki*)... geturðu lýst Bjössa fyrir mig? Hver var Bjössi?

Árni Kristjánsson  
22. nóvember 2004  
Reykjavík  
55 mín.

Árni: Hver var Bjössi? Ég er svo heppinn að kynnast honum þarna bara... eins og ég sagði áðan, það er bara svona... 79 og þá, hann er búinn að vera þá í Samtökunum 78, sko, hálfu ári... hálf tveimur árum. Og við urðum strax mjög góðir vinir og deildum miklum tíma saman, bæði í djamminu og... og utan djamms og... já, vorum bara miklir félagar. Bjössi, fallegur maður, alveg bara strolaði af honum glæsileikinn, karlmannlegur eins og svona fólk venjulegast notar þetta lýsingarorð, að vera eitthvað legur að þá myndi fólk skilja það að hann væri frekar karlmannlegur og strákur, það var svona strákur í honum, sko, myndi ég segja, og pönkari, svona easier, og mikið rebal, hann var... hann var... það var svona mjög sterkt hjá honum að... eiginlega kom sterkt út ef hann var á móti einhverju eða varð fyrir yfirgangi og hann lét ekki ganga yfir sig, það var alveg á hreinu, sko, hann var... alveg... ég halla ekki á neinn ef ég segi að hann hafi verið í fararbroddi af þessari kynslóð miðað við... hnefann, sko, hingað og ekki lengra. Mjög klár, clever, gáfaður, fór í Verzlunarskólann og hann fór í hérna... listaskóla til San Francisco. Það er hægt að segja endalaust mikið af Bjössa. Hann var í sambandi við Halla Tomm þarna einu af fyrstu árunum. Hann kynntist manni í San Francisco sem hann var með lengst af þegar hann var í skólanum þar og síðan átti hann síðustu árin með Peter Locky, hérna tónlistarstjóra...

Hrafnhildur: Hann var svolítið tortured...

Árni: Já, honum fannst það og gerði sér alveg grein fyrir því að... að þetta væri svona... eitthvað í hans lífi sem hann þyrfti að takast á við. Svo má alveg deila um það hvernig hann tókst á við það: The soured past and the trembling future, spreypjaði hann á veginn... í hérna... þakherberginu sínu, sem var svona undir súð, þar sem við áttum mjög margar góðar stundir heima hjá honum á... á hérna Skólavörðustígnum 28, þar sem hann bjó með pabba sínum lengi. Og... já, þetta lýsir alveg honum mikið, hvað hérna... Bjössi... svona... Bjössa fannst þetta vera erfitt, það má líklega nota það orð. Þó að hann kannski fyndist mér ekki finnast

Árni Kristjánsson  
22. nóvember 2004  
Reykjavík

þetta erfitt... Bjösssi var ekki þannig að hann... að finnast hlutir erfiðir, hann bara gerði sér grein fyrir að það var þarna eitthvað sem að sumt fólk kallar þröskulda í dag eða eitthvað annað og... og þetta væri bara eitthvað... sko hann var mikið meira já, fighter sko, hann var baráttumaður, sko. Eins og ég segi, svona rebel... hann var með þetta pioneer líka hérna... gen, hérna í sér, held ég að ég megi alveg segja, sko.

Hrafnhildur: Hvernig kemur alnæmið fyrst fram á sviðið... manstu eftir því? Hvernig heyrðir þú fyrst um alnæmið. Hvernig áhrif hafði að á þig? (*Heyri ekki*)

Árni: Já, hvað hef ég nú langan tíma, sko. Hérna... það er náttúrlega bara eins og... hérna... þú veist, það er í gegnum blöðin, það er í gegnum gay-hérna... fréttir sem að við vorum að fá blöðin að utan, þannig að við erum náttúrlega... sko, fáum að fréttu þetta... samkynhneigðir hér áður en í rauninni almenningur á Íslandi fréttir þetta. Við gerum okkur... við vitum af þessu áður.

Hrafnhildur: (*Heyri ekki*)

Árni: Við vitum af því að það er kominn sjúkdómur sem að hommar eru að deyja mjög mikið úr. Og þarna eru það nú Veturliði og Böðvar Björnsson sem að hérna... taka þetta bara dálítið að sér að... gangast í það að tala við yfirvöld og... og vita hvort að eitthvað eigi ekki að gera, sem að kannski gerist ekki fyrr en eftir að... að hérna kemur í ljós að... að hérna það eru... það eru menn smitaðir hérna. Og reyndar ein kona. Umhm...

Hrafnhildur: Hvernig...

Árni: Mér, sko... þarna kemur ein mesta höfunin sem að ég hef orðið fyrir. Hún er svona yfirvaldsleg eða samfélagsleg náttúrlega, þegar í rauninni bara þessi setning, svar sem að Veturliði og Böðvar fá þegar þeir fara til landlæknisembættisins og vilja vita hvað á að gera, hvort ekki eigi að fara af stað fræðsla og... og einhver forvarnarverkefni, að þá er svarið sko að við förum ekki að hræða 95% fyrir 5%. Og ég get sko... ég get farið að grenja yfir þessu enn þann dag í dag. Mér finnst þetta alveg eitt af bara stærstu kjaftshöggum sem að ég hef fengið og þetta er mjög

Árni Kristjánsson  
22. nóvember 2004  
Reykjavík

persónulegt. Auðvitað! En... hum... það sem að náttúrlega kannski bjargar að vissu leyti okkur, hommunum, fyrst þegar lítið er vitað er að við virðumst vera einu mennirnir sem að gerum okkur grein fyrir því að það getur ekki verið til sjúkdómur sem leggst bara á homma. Það náttúrlega bara er ekki alveg heil hugsun á bak við það. Og alveg furðulegt að þetta hafi verið svona víðtæk kenning. Kannski er það bara að segja manni það og... að yfirvöld eru ekki allra, það er bara ýmislegt annað sem að rekur valdið áfram heldur en að hugsa um þegnana, sko. Það er nú hann Sigurgeir Fliss-Friður-Glundroða-dóttir, sem að er einn sá fyrsti að deyja úr sjúkdómnum og margir okkar förum í svona afneitun, væntanlega á sjúkdóminn, og alveg eins og ungt fólk hugsar að... að hérna maður er ekki að fara að deyja, skilurðu?, rúmlega tvítugur og það bítur ekkert á mann. Og við vorum ekkert að... að breyta kynhegðun eða neitt þvílíku... líku þarna fyrstu árin. Og hérna... En... svo er nú kannski að... að heyra eða vita hvað hinir látnu segja um hversu mikinn stuðning þeir fengu eða við sýndum þeim. Það var örugglega mjög misjafnt eftir manneskjum og... og tímum. En það voru þarna mjög sterkir aðilar sem að fóru út í það að hérna... þegar kerfið vaknaði, að t.d. vera á myndun á plakati, þar sem er verið að hérna... sem sagt auglýsa save sex. Það voru menn reknir úr vinnu fyrir það og... ég man alla vega eftir tveimur sem fóru í gegnum það ferli. Og þá var ekkert verið að pæla í því hvort að maðurinn væri HIV-smitaður eða ekki. Það var bara: Þú ert á þessu plakati og þú bara gerir ekki svona og vinnur ekki hér meir, sko. Og ég... það hefur kannski haft áhrif að þessir menn voru báðir þjónar á... á vínveitingahúsum, matsölustöðum. Áhrifin eru náttúrlega svo margvísleg sem að þessi hérna... sjúkdómur hefur á okkur. Við förum í gegnum það t.d. að... að þegar menn fara að veikjast að þá voru mjög strangar sem sagt varúðarráðstafanir þegar þú komst í heimsókn, ef þú fékkst að fara í heimsókn. Þegar menn voru samkynhneigðir að fara upp á spítala með HIV-smit og farnir að veikjast að þá mætti blóðfjölskyldan og var jafnvel að segja öðrum samkynhneigðum vinum og jafnvel... skilurðu, kæröstum að þeir gætu ekki lengur verið hér innan dyra, sem að

gerði það að verkum að þarna fór ferli af stað mjög mikið og því miður, langt, en það hafðist með lög okkur til handa. Þetta vil ég meina að sé... mj...

ATH! *(Eitthvað gerist þarna, hljóðið dettur út).*

Árni: ...mjög mikilvægur punktur.

Hrafnhildur: *(Heyri ekki).*

Árni: Já, áhrifin sem að... Á ég að byrja bara að tala um það sem að... mjög sterk áhrif á byrjun kannski þess að... að yfirvöld fara að hugsa á bak við tjöldin að það þarf kannski að eitthvað að fara að vinna að réttindum samkynhneigðra, er þetta þegar við vorum að fara að heimsækja hvorn annan, menn HIV-smitaða, sem eru byrjaðir að veikjast, upp á spítala, að þá er blóðfjölskyldan komin og leyfði mönnum ekki að koma inn vegna þess að... þetta, já... hann átti ekkert saman við þe... okkur að sælda, kannski, kærastar fengu ekki að fara, jafnvel, og... og þetta gerir það að verkum að... að sko, það bara sjá þetta allir gerast þarna... að það er verið að útiloka okkur á einhverjum mjög skringilegum forsendum. Og mér fannst ég finna þetta stundum þegar... þegar menn fóru að veikjast að þá, ég er ekki að segja að það sé óeðlilegur partur að blóðfjölskyldan komi sterkari inn og sé bakhjallinn og... og sé að fylgja manneskjunni síðustu mánuði eða árin, sem þú ert veikur og ert að deyja og undirbúa þig fyrir dauðann, en... en þú... þú segir ekki stop við vini og... og kunningja sem eru búnir að vera baklandið og stuðningurinn, frá því að áður en smitið greindist, sko. Þetta, já, þetta var mjög sterkt þarna sem að... mjög furðulegt að segja það náttúrlega að... að HIV-smitið og þessi stimpill sem að við fengum að það væru hommar sem að smituðust af þessari veiru, að það skuli, þó það hafi verið svona dýrkeypt, hafa flýtt baráttunni svona mikið, mannréttindabaráttunni okkar. Stelpurnar komu inn á meðan, mjög sterkt, og ég vil ekki segja bara á meðan, þær eru ennþá, að hérna... nei, þær bókstaflega bara... algjörlega gengu inn í skörðin sem að mynduðust og ég er ekkert að tala um endilega skörðin sem að mynduðust við fráfalið mann heldur svona... þetta lamaði okkur að mörgu leyti, vegna þess að þegar margir vinir þínir eru orðnir smitaðir í

Árni Kristjánsson  
22. nóvember 2004  
Reykjavík

kringum þig að þá kannski minnkar hringurinn og svona... þú hefur... sérð ekki eins langt og þú... þú ert ekki alveg... hefur ekki víðsýnina eins langt, sko. Þú... Einbeitingin er orðin mikið nær, sko.

Hrafnhildur: Þegar paranojan stóð sem hæst hvernig... hvernig voru þeir hvor öðrum? (*Heyri ekki*).

Árni: Já, já. Það var farið í gegnum það, sko. Og öll þessi umræða í sambandi við að bara dýrið gengur laust, bara og... er að smita fólk út um allan bæ. Það var svo ofboðslega lengi að sýjast inn þessi ábyrgð sem að þú hefur á sjálfum þér, en það er heldur ekkert skrítið vegna þess hvernig samfélagið byggist á í þar, þar sem þú ert alltaf að kaupa þér öryggi annars staðar, heldur en að vera... að búa það til sjálfur innra með þér. En síðan sko... hérna... koma nú yngri menn, náttúrlega, heldur en mín kynslóð, þetta heldur allt áfram og á tímabili var talað um að það gengi listi í Reykjavík yfir þá sem væru huganlega og þeir sem væru smitaðir. Og eins og Danirnir sögðu, við vorum ekkert eina landið sem fór í gengum þetta, það var þessi veggur sem að myndaðist á milli de unge hellige og de gamle syndige og... ég var sko... gamle syndige og... það var náttúrlega... ég var náttúrlega í fyrsta lagi mjög ósáttur við að það væri verið að byggja upp einhvern vegg á milli kynslóðanna, sem er náttúrlega alveg hræðilega óhollt, fyrir utan að vera svo þeim megin við vegginn sem að smitaður væri, þegar ég var og er ósmitaður. Síðast þegar ég vissi. Og... missti stjórn á mér kannski svona... ég man eftir tveimur mjög... bara... köstum sem ég fékk... og bara gekk á mann sem að hérna... hafði sagt þetta á kaffihúsi að ég væri smitaður. Og ég fór bara á vinnustofu... vinnustaðinn hans og hellti mér yfir hann og alla sem að inni á vídeóleigunni voru. Það var einn leikari sem að var staddur inni á þessari vídeóleigu að velja sér mynd þegar ég kom inn og hann sagðist bara ekki hafa þurft kvikmynd þessa kvöldið, vegna þess að ég hefði alveg tekið senuna. Og, sko... fáránleikinn liggur náttúrlega í þessu sko, að... að vera að... búa til falskt öryggi. Þar er... það er bara punkturinn, sko. Og... við erum náttúrlega, við sem að erum og höldum okkur svona grönnum

Árni Kristjánsson  
22. nóvember 2004  
Reykjavík

og finum, að við náttúrliga erum búnir að heyra þetta oftast... oftast heldur en kannski þeir sem að hérna... hreyfa sig ekki eins mikið og éta meira eða whatever... af hverju sem það er að þeir hafa fitnað, að grannur hommur er... hlýtur að vera smitaður, sko. Og ég held að ég sé ekki paranoid þegar ég segi þetta, sko. Að... að það er svona... kemur einhver tónn: Hefurðu grennst? Af hverju hefurðu grennst? Er ekki allt í lagi? Væntanlega kemur þetta bara af, skilurðu, væntumþykjunni og öllu því, en þetta bara aftur lýsir... hugsanagangurinn hefur kannski ekki breyst meira en þetta. Reyndar fannst mér mjög huggandi að gera mér grein fyrir því, þegar ég fór hérna, með Alnæmissamtökunum með fyrirlestra fyrir 9. og 10. bekk, að heyra það að unga fólkið í dag, alla vega á þessum aldri er ekki með hommastimpilinn á HIV. Þau virðast bara flest hafa... hafa algjörlega farið fram hjá þeim, enda ekki skrítið vegna þess að það er ekki verið að fræða ungdóminn um þetta nógu mikið í dag, þannig að það er bara að HIV fer fram hjá þeim hvort eð er og fleiri kynsjúkdómar og fræðsla um það. Þannig að það er svo margt sem fer fram hjá þeim sem að gæti komið þeim dálítið vel í lífinu sjálfu.

Hrafnhildur: Ég man að í San Francisco að þá var... mátti ekki kyssast... kanntu einhverjar slíkar áþreifanlegar sögur...

Árni: Ekki á milli hommana.

Hrafnhildur: Nei.

Árni: Nei. Við gerðum okkur mjög fljótt grein fyrir smitleiðunum. Og... já, já, ég meina...

Hrafnhildur: *(Heyri ekki). (Talar við einhvern annan en Árna). Pása*

30 mín.

---

B-hlið

Hrafnhildur: Jæja! Já... þarna lesbíurnar... hvenær komu lesbíurnar fram á sjónarsviðið. Voru þær komnar fram á sjónarsviðið þegar þú mætir, eða var þetta bara hommafélag?

Árni: Nei, eins og ég sagði þér að þá var ég nú búinn að kynnast nokkrum þarna í... í partýum, sko. Þær voru alveg ofboðslega góðar við mig, sko! Alveg dönsuðu við mig og bara alveg hugsuðu mjög vel um mig, sko. Brrr... svo náttúrlega í... á... í Samtökunum 78. Ég man ekki eftir neinni fyrr en bara uppi á Skólavörðustíg, sko, sem bara vel getur verið vitleysa hjá mér, að mér misminni, en það kannski sem að ég er að kynnast þarna og eftir Báru, Addí og Rögggu og... fleirum, þá koma upp í hugann hjá mér sko, Stella og Elsa... Elísabet Þorgeirs... og á tímabili var ég svona í sambandi við þær dálítið. Ég veit ekki hvort ég á að fara að telja upp einhver nöfn...

Hrafnhildur: Nei.

Árni: ...en... en ég hef nú alltaf sagt um kvenþjóðina að... að hérna, hvar værum við án ykkar? Og... og hérna ekki alveg sett mig í... í sama hóp og margir fara í þar sem að... sko það bara fer alveg út í kvenfyrirlitningu svona einhvern veginn: Æi, lessurnar og lessukvöld og þær alltaf hér og eru þær hér? Það er ekkert slæm meining á bak við þessar setningar, held ég. Þetta eru yfirleitt yndislegustu sálir, þessir menn sem láta þetta út úr sér, en þetta náttúrlega virkar alveg eins og bara... kvenfyrirlitning. Og ekkert annað. Og... þó að það sé það eina sem við eigum sameiginlegt að... að vera... vera samkynhneigð að þá hérna... þet... við höfum ekki efni á því að láta svona, sko. Við bara höfum ekki efni á því, sko.

Hrafnhildur: Ertu að segja að það sé einhver rígur?

Árni: (Hlær) Ég held að það sé ekki rígur í dag, nei. Ég held ekki. Ég á vinkonur sem eru lesbíur og, eins og ég segi, hef umgengist þær og... og hérna... og verið í sambandi við þær á tímum og... en... en það virðist vera oft þannig að við getum ekki alveg skemmt okkur saman og þá á það við um staði. Það verði að vera sko, staður fyrir karlmenn og það er vegna þess að við verðum að vera lausir við konurnar. Alveg sama hvort þær eru hetero eða... eða sko, lesbíur. Það er eitthvað voðalega... ég er...

Árni Kristjánsson  
22. nóvember 2004  
Reykjavík

bara er ekki búinn að rannsaka þetta alveg til hlítar. Ég held að það geti alveg tekið aldurinn, sko.

Hrafnhildur: Þú notar núna út í gegn orðið samkynhneigð.

Árni: Jaaaaá.

Hrafnhildur: Sem er tiltölulega nýtt orð.

Árni: Já.

Hrafnhildur: Geturðu talað um öll gömlu, góðu orðin sem að voru látin fjúka um okkur innan hópsins og utan? Geturðu aðeins talað um nafngiftirnar?

Árni: Ji... Já, já.

Hrafnhildur: Þegar þú kemur fyrst fram á sjónarsviðið.

Árni: Já. Jákvæðustu ömmur.... Já, já, jákvæðustu ömmur sögðu: Nú, er hann sódomískur? Ég náði því að heyra það. Og það er sko, það er kynslóð, sem held ég bara, nánast horfin. Það held ég að hafi verið... væri orðið mjög gamalt fólk ef það væri lifandi í dag. Aftaníossi, það notuðu dyraverðirnir á Borginni eft... eftir skuttogarafélaginu... huh... tekurðu trollið inn að aftan. Sko, hommi er náttúrlega langalgengast, en það var svo frábært trix hjá okkur þegar við breyttum því yfir í... í... sko, að við vildum láta kalla okkur það í staðinn fyrir að það væri skammaryrði. Og virkar alveg gjörsamlega. Núna snýr maður sér bara við og: *Já, ofboðslega ert þú næmur!* Eða eitthvað þvílíkt skilurðu? Þetta er ekkert... verið að skamma mann lengur með þessu orði, sko. Þetta var ofboðslega sniðugt að gera þetta. Gay er mjög mikið notað, en... en dálítið fyndið að það virðist eitthvað frekar vera, sko yfir hommana heldur en lesbíurnar. Ég nota of... yfirleitt samkynhneigð sjálfur þegar ég að tala, já, kannski í viðtölum eða... eða við heterosexual fólk. Það er þetta bara gamla sko... að vera... að hlífa þeim við því að þurfa að taka of mikið á eitthvað. Ef þeir eru að reyna að vera svona jákvæðir á annað borð. Veistu, það koma ekki mörg nöfn svona upp í hugann á mér.

Hrafnhildur: *(Eitt atkvæði, en Árni heldur strax áfram)*

Árni Kristjánsson  
22. nóvember 2004  
Reykjavík

Árni: Það er kannski líka út af því að... að sko þarna á... þessum árum þegar... það hefur verið svona 80, 88 eða þarna 9. áratugurinn, þá vorum við dálítið, sko, gettó, það var dálítið gettó-feelingur þá, sko, sem að líka kannski kom til vegna... hérna... pestarinnar.

Hrafnhildur: Fyndið, bæði þú...

Árni: Veistu, það koma ekki bara orðin upp í hausinum á mér?

Hrafnhildur: ...þú og Viddi...

Nafnlaus: Okay!

Árni: Jáá, (*heyri ekki*). Hvað segirðu?

Hrafnhildur: Bæði þú og Böðvar, þið gleymið aðalorðinu.

Árni: Jahá. (*Skellihlær*). Jahá.

Hrafnhildur: Helvítis kynvillingurinn!

Árni: Já, kynvillingurinn! Já. En fyndið!

Hrafnhildur: (*Heyri ekki*).

40 mín.

Árni: Ég veit það ekki. Það er kannski þess vegna sem að það hefur aldrei farið bara í flokkunarvélina, sko. En... en það kemur nú yfirleitt... er yfirleitt notað af fólki sem að bara virðist ekki gera neitt annað en að dreifa fáfræði sinni yfir almenning, sko.

Hrafnhildur: Ef maður ætlar að komast á lóðarí og sjens í Reykjavík og er hommi, hvert fer maður?

Árni: Staður?

Hrafnhildur: Já.

Árni: Ég held að það séu alveg ofboðslega margir sem að fara bara inn í stofu eða herbergi sitt á tölvuna, sko. Ég held að það séu nú langflestir. En þar af leiðandi gerist náttúrliga minnst. Hum... svo náttúrliga ef við tökum næturlífið, þá er það hérna... Café Cozy og Jón forseti sem eru búnir að vera núna okkar staðir og auðvitað (*heyri ekki*). Ehm... já, já, menn kynnast í Öskjuhlíðinni og hérna... gufunni í Sundlaug Vesturbæjar, gufunni í Kópavogslauginni sem að yfirleitt er

Árni Kristjánsson  
22. nóvember 2004  
Reykjavík

ekki nefnd vegna þess að þeir breyttu svo mikið ljósinu og stækkuðu klefann í "Vesturbæjargufunni" þannig að... og settu glugga á meira að segja, þannig að maður getur séð út úr gufunni núna. Og þetta fór eitthvað fyrir (*heyri ekki*) á mörgum þannig að þeir skunduðu út í gufuna í Kópavogi í staðinn. En það er nú yfirleitt ekki mikið sem gerist þar annað en að menn svona... bara eru með augun á stilkum og kjafta saman, sko og kynnast kannski. Annars er það tölvan. Ég held að það sé algerlega hræðilegt, þessi þróun! Menn undir fölsku nafni að reyna að komast að því hver þú ert og svo gengur þetta bara út á að vera að ljúga hver að öðrum. Ég er ekki alveg að kaupa það, sko. Ég datt voðalega fljótt út úr því. Þetta er ekki alveg fyrir mig.

Hrafnhildur: En þú hittir nú einn ansi góðan á netinu, er það ekki?

Árni: Nei... Já, reyndar á símastefnumóti. Já. Og þar náði ég að hafa rétt fyrir mér að sko... að... að hérna að vera ekkert að fara í felur með það hver ég væri. Þú veist, auðvitað vil ég að þú vitir hver ég er til þess að þú sért þá ekki að koma ef þú fílar mig ekki, skilurðu, fáránlegt að vera að standa í því. En ég var svona heppinn að... að kynnast manni sem að ég var með í tæp 7 ár. Og á símastefnumóti. Þannig að það er alveg hægt að nota þessi tækniatriði sem eru komin í dag, en... hum... en það er svona... já, kannski á hvaða forsendum þú ert að því. Hvort þú viljir í rauninni bara vera einn heima eða hvort að fólk er kannski farið að koma út úr skápnum á tölvunni eða heldur að það sé út úr skápnum af því að þeir... á internetinu, það er dálítið furðuleg pæling, sko.

Hrafnhildur: Er það meira... ef við pælum (*heyri ekki*) stóru skrefum ... á þessum 25 árum...

Árni: Já.

Hrafnhildur: (*Heyri ekki*)... AIDS... dettur í hug... eða er eitthvað annað se þú finnst...

Árni: Að hafi hjálpað til í baráttunni?

Hrafnhildur: (*Heyri ekki*).

Árni Kristjánsson  
22. nóvember 2004  
Reykjavík

Árni: Það er hægt að telja endalaust manneskjur sem hafa haft áhrif, sko. Það er alveg... alveg rosalega mörg... og einmitt kannski á þessum tíma sem ég var að tala um áðan þegar við karlarnir fórum kannski í smádoða að þá kom þessi sterka kona, Magga Pála, sem að sko, sem að gerði alveg bara... kraftaverk, sko, með því að koma fram. Og... og það gera það allir með því að... að bara að koma út og vera þeir sjálfir, vil ég meina, sko. Það... það er bara þannig. Það gera verið svo margar vígstöðvar eins og þú nefnir, Palla Hjálmtýs í skemmtanabransanum og... og líka útvarpsþættirnir hans, mjög umdeildur og hann var ekki að láta mikið segja sér að halda kjafti. Það sem að mér finnst að fólk kannski þurfi helst að passa sig á þegar það er að koma fram fyrir samkynhneigða... það er alveg hellingur af fólki sem að... ég kaus þetta fólk ekkert til þess að tala fyrir mig opinberlega... og maður skildi alltaf passa sig á því að þegar maður gerir það, að tala kannski frekar persónulega heldur en fyrir einhvern hóp sem að er ekki búíð að... búinn að kjósa mann til þess að segja eitthvað. Ég hef lent í... í sko... rimmu um þetta og við fólk þar sem er talað við mig í fleirtölu og segir: Ja, þið viljið þetta. Og það bara, nei, það er bara ekki þannig, sko. En svo er kannski annað, skilurðu, þar sem að formaður eða talsmaður baráttusamtaka er að... að segja eitthvað að þá er búíð að kjósa þá manneskju til þess að vera talsmaður, skilurðu, og... og þá er það talsmaður þeirra félagasamtaka.

Hrafnhildur: Já.

Árni: Það voru ekkert allir sammála því að það ætti að setja einhver lög um okkur. Það var alveg hægt að túlka það þannig að þá væri búíð að staðfesta misréttið: Af hverju þarf einhver sérlög um mig? Ég hélt ég væri fæddur bara... með... með sama lagabálk og aðrir Íslendingar, sko. Ég hélt það. Ég ólst þannig upp, sko. Mjög skrítið að þurfa að fara afturábak til þess að fara áfram. Sérstaklega þegar fólk og ráðamenn hafa látið út úr sér, vita fyrir fram að... takmarkið... við ætlum hingað, en nei, við ætlum bara að taka eitt skref. Það gæti verið að einhver væri ekki tilbúinn.

Ég er náttúrliga, eins og ég sagði áðan, af þeirri kynslóð sem er ekki þessi hlífi-kynslóð. Ég tel það ekki vera mjög hollt. Að ganga alla leið. (*Hlær*).

Hrafnhildur: Já, ég hef ekki valið... sem sagt... að berjast fyrir réttindum um staðfesta samvist sjálf... (*Heyri ekki*).

Árni: Já, þá átti að taka það alla leið alveg eins og pabbi minn sagði: Hérna... mikið langar til þess að búa með syni mínum, við viljum stofna heimili, þá eigum við að geta gert það. Við erum hérna fjórir vinir, við ætlum að halda heimili og við viljum vera skattlagðir samkvæmt því. Það á bara að ganga það sama yfir alla, alveg sama hvort þú átt börn eða ekki. Ég hélt... þetta er bara spurning um einstaklinga, en ekki eitthvað form sem að var búið til fyrir hundruðum ára, sem passar ekki lengur. Það er búið að sanna það svo oft. Bara með öllum þessum skilnuðum. Það bara gengur ekki upp. Þetta gengur ekki upp!

Hrafnhildur: (*Heyri ekki*).

Árni: Já, ég er finn! Það er nú svo sem búið að gera... þú veist, búið að gera... svona... taka á því, sko. Við komum þarna í þættinum hjá Völu og...

Hrafnhildur: Já.

Árni: ...Ingó...

Hrafnhildur: Já, já, já, alveg rétt. Ég á við það.

Árni: Já, og hann sko, náttúrliga, eins og ég... já, hann gerðist gay activist. Það var alveg hætt að hringja í mig og... ve... ertu til í að fá pabba þinn til þess að gera eitthvað. Það var bara hringt beint í hann, skilurðu?

Hrafnhildur: Já.

Árni: Hann er búinn að fara með sko, ...hann fór með hópi manna hringinn í kringum landið þegar var verið að fræða kirkjunnarmenn um samkynhneigð. Þetta var einmitt í kringum þegar lögin eru að fara í gegn. Og hann hafði víst svona alveg svakaleg áhrif, það bara var varla þurr kinn í salnum eftir... þegar hann talaði, sko. Hann var algjörlega stuðningsmaður númer eitt. Fyrir mig og fleiri.

Hrafnhildur: (*Heyri ekki*).

*Árni Kristjánsson*  
22. nóvember 2004  
Reykjavík

Ókunn rödd: Nei, nei ekki í fljótu bragði.

Hrafnhildur: En (*beinir máli sínu til einhvers*).